

innheimtu B-gjalds, færast gjalddagar til í samræmi við það. Lokagreiðsla af skuldabréfunum skal ekki falla í gjalddaga fyrr en gangstétt hefur verið lögð við þá götu sem viðkomandi fasteign er skráð við. Bæjarráð ákveður við hverja álagningu hver staðgreiðsluafsláttur skuli vera.

14. gr.

Pegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi, skal greiða bæði A- og B-gjald af viðkomandi byggingu.

15. gr.

Bæjarráði er heimilt að víkja frá gjalddögum á B-gjaldi samkv. 13. grein í eftirfarandi tilfellum:

- a. Við innheimtu gatnagerðargjalds af fasteignum við götur, sem þegar hafa verið lagðar bundnu slitlagi að hluta eða að fullu.
- b. Þegar greiða skal á sama tíma A-gjald og B-gjald, sbr. 15. gr.
- c. Þegar í hlut eiga efnalitlir og/eða örorkulífeyrisþegar.

16. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingafjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Bæjarráð sker úr meiri háttar ágreiningi sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 232 frá 26. maí 1978 um gatnagerðargjöld í Húsavíkurkaupstað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. ágúst 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld í Hofsóshreppi, Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í Hofsóshreppi eftir því sem segir nánar í samþykkt þessari.

2. gr.

Gatnagerðargjald vegna undirbyggingar, varanlegs slitlags og gangstéttar, B-gjald, skal lóðarhafi greiða þegar lagningu slitlags er lokið. Gjaldið skal miða við rúmmetra húss, miða skal við utanmál húsa og lofthæð 2,70 m á íbúðarhúsum en 3,30 m í atvinnuhúsnæði, nema uppdráttur sýni minna.

3. gr.

Gjaldið skal nema ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar á m³ eins og hann er talinn á hverjum tíma af Hagstofu Íslands svo sem hér segir:

Einbýlishús, tvíbýlishús og raðhús	5,0%
Fjölbýlishús	3,5%
Verslanir og skrifstofuhúsnæði	5,0%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og atvinnuhúsnæði	3,5%
Opinberar byggingar	5,0%
Önnur hús skv. nánari ákvörðun hreppsnefndar	3,0—5,0%

Gjald af íbúðarhúsnæði skal aldrei vera lægra en sem svarar af 250 m³.

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjald kr. 20,00 af hverjum fermetra lóðar.

4. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 3. gr. skal miða við þá vísitölu sem í gildi er, þegar lagning bundins slitlags fer fram. Nú breytist vísitalan meðan verk fer fram, skal þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili sem um er að ræða.

5. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 3. gr. greiðist þannig að 20% greiðast þegar lagningu bundins slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með skuldabréfi með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum. Gjaldldagi afborgana er 1. júlí. Vextir og verðtrygging skal vera samkvæmt kjörum Bygðasjóðs í samræmi við kjör þau er hann veitir lán til varanlegrar gatnagerðar.

6. gr.

Heimilt er að veita staðgreiðsluafslátt allt að 10% eftir ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

7. gr.

Skuldabréfin sem gefin kunna að verða út vegna gatnagerðargjalda skulu vera með veði í fasteign þeirri sem gjöldin eru lögð á og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

8. gr.

Heimilt er hreppsnefnd að fresta innheimtu gjalda af eigendum fasteigna sem náð hafa 67 ára aldri og þeim er eiga við sjúkdóma að stríða. Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

9. gr.

Heimilt er að taka gjöld þessi lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Sveitarstjórn sker úr um meiriháttar ágreining sem rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hofsóshrepps í Skagafjarðarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld sbr. lög nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 4. ágúst 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.